

Styrkur af safnliðum: Bókmenntahátíð í Reykjavík 2015, ársyfirlit

Bókmenntahátíð í Reykjavík var haldin dagana 9.-12. september 2015 í Norræna húsinu og í Iðnó. Þátt tóku fimmtán erlendir rithöfundar, sautján íslenskir höfundar og tólf erlendir útgefendur og umboðsmenn rithöfunda.

Dagskráin var fjölbreytt: höfundaspjall, fyrirlestrar, sýningar og fleira. Fengnir voru til liðs við hátíðina góðir stjórnendur sem stýrðu pallborðsumræðum af stakri röggsemi. Dagskráin fór að langstærstum hluta fram á ensku en allir bókmenntatextar voru jafnframt þýddir á íslensku. Ókeypis er inn á alla viðburði hátíðarinnar og auk þess var hægt að fylgjast með streymi af öllum viðburðum. Þetta streymi er aðgengilegt á heimasíðu hátíðarinnar.

Aðsókn var með besta móti og fullt var út úr dyrum á alla viðburði. Reiknast stjórnendum hátíðarinnar til að hátt í fimm þúsund manns hafi sótt viðburði hátíðarinnar.

Hátíðin nýtur styrkja af safnliðum frá Menntamálaráðuneytinu og eru þessir styrkir hátíðinni afar mikilvægir hátíð af þessari stærðargráðu. Árið 2015 gátum við leyft okkur að auglýsa meira (netmiðlar, dagblöð og útlit) og veita meira fé í sjálfa dagskrána og framleiðslu efnis. Þá gátum við líka leyft okkur streymi og upptökur á viðburðum. Kostnaði við hátíðina og rekstur hennar er haldið í algjöru lágmarki, einn starfsmaður í hlutastarfi og er starfshlutfall aukið eftir þörfum. Yfirbygging er engin og fer allt fé í rekstur, svosem viðburði og höfunda.

Á tímabili, þegar sem best gekk í samfélaginu fyrir hrun, náði hátíðin að safna handbæru fé sem við höfum kosið að ganga ekki á heldur lítum við á það sem neyðarfé, bregðist styrkir. Handbært fé sem finna má í ársreikningi skýrist af þessu. Kostnaður við hverja hátíð er mjög svipaður í hvert sinn, 12-15 milljónir, og kjósum við að eiga fyrirbyggjandi gott byrjunarfé í eina hátíð.

Hátíðin nýtur mikillar virðingar utan landsteinanna. Hana vilja sækja heim helstu rithöfundar samtímans, Nóbelskald og mestöluhöfundar. Gestalistinn er orðinn býsna langur eftir öll þessi ár og gæðir hátíðin Bókmenntaborgina Reykjavík lífi og íslenskir rithöfundar kynnast erlendum kollegum sínum og öfugt.

Við höfum það ekki á stefnuskránni að stækka hátíðina, enda er það núverandi umfang hennar sem gerir hana svo eftirsóknarverða fyrir höfunda og áhorfendur, en við leggjum okkur fram við að búa til viðburði sem vekja áhuga sem flestra og ná til ólíkra hópa, til dæmis barna, ungmenna og lesenda jaðarbókmennta. Við vinnum með fyrirtækjum, stofnunum og menningarfélögum ýmisskonar og njótum þess að stækka í gegnum þá samvinnu.